

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 455/1996.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

(Guðmundur H. Pétursson hrl.)

gegn

Heimi Baldurssyni

(Þorbjörn Árnason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 15. desember 1996, þar sem varnaraðila er gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 19. desember nk. kl. 13.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1996. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 13. janúar 1997, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Sóknaraðili reisir kröfur sínar á d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og einnig á 2. mgr. sömu greinar.

Rökstuddur grunur beinist að varnaraðila um að hafa ráðist að ungum manni á dansleik í félagsheimilinu Miðgarði í Varmahlíð aðfaranótt laugardagsins 14. desember sl. og veitt honum áverka. Sóknaraðili hefur ekki fært fyrir því viðhlítandi rök, að fullnægt sé skilyrðum d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila.

Varnaraðili hefur játað að hafa komið á dansleikinn með hafnaboltakylfu úr tré innanklæða. Þar hafi hann reitt kylfuna til höggs og slegið fyrrgreindan mann í höfuðið. Samkvæmt vottorði yfir-læknis heila- og taugadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur hlaut maðurinn mikla blæðingu milli heilahimnu og yfirborðs heilans vinstra megin og brot í hnakkabeini beggja vegna. Liggur fyrir rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. al-

mennta hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og jafnframt, að líkamsárásin hafi verið hrottafengin og lífshættuleg. Þykir því fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 13. janúar 1997 kl. 13.00.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Heimir Baldursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 13. janúar 1997 kl. 13.00.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 15. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, er höfðað með bréfi sýslmannsins á Sauðárkróki, dagsettu 14. desember 1996. Þess er krafist, að Heimi Baldurssyni, kt. 050177-5219, Mánagötu 4, Hvammstanga, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 30 daga, til mánudags 13. janúar 1997.

II.

Krafan er rökstudd með því, að kærði hafi orðið valdur að líkamsmeiðingum, sem varðað geti við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hann hafi játað að hafa slegið mann í höfuðið með hafnaboltakylfu aðfaranótt laugardagsins 14. desember sl. Maðurinn hafi verið fluttur til Reykjavíkur í sjúkrahúsi, og samkvæmt því, sem fram komi í bráðabirgðalæknisvottorði frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, hafi hinn slasaði gengist undir aðgerð á höfði. Við komu á sjúkrahúsið hafi hann verið djúpt meðvitundarlaus, og sýni tölvusneiðmynd af höfði mikla blæðingu milli heilahimnu og yfirborðs heilans vinstra megin og brot í hnakkabeini beggja vegna. Sjúklingur sé nú kominn til meðvitundar, en sé enn á gjörgæsludeild.

Gæsluvarðhaldskrafan er um lagarök studd við a- og d-lið 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Sterkur grunur leiki á um, að kærði hafi framið brot, sem að lögum geti varðað allt að 16 ára fangelsi, og þar sem brotið sé svo alvarlegt, megi ætla, að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, og einnig sé hættu á, að kærði geti torvelað rannsókn málsins með því að hafa áhrif á vitni. Einnig megi telja varðhald nauðsynlegt til að verja aðra árásum kærða og hann fyrir árásum annarra.

III.

Fyrir liggur, að kærði hefur játað verknaðinn skýlaust og ekki verður annað séð en hann hafi lagt sitt af mörkum til að upplýsa málið. Af þessum

sökum og með tilliti til þess, að ekki hefur verið sýnt fram á, að kærði sé með sakaferil að baki, þykja almannahagsmunir ekki krefjast þess, að kærði verði á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála úrskurðaður í gæsluvarðhald, þrátt fyrir það að ætlað brot hans geti varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir rétt, að lög-reglu gefist tími til að ljúka frumrannsókn málsins og taka skýrslur af þeim vitnum, sem voru í för með kærða þetta kvöld, án þess að kærði hafi mögu-leika á að setja sig í samband við þau. Þykir því rétt með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála að taka kröfu um gæsluvarð-hald til greina og úrskurða kærða í þágu rannsóknar málsins í gæsluvarð-hald allt til fimmtudagsins 19. desember nk. kl. 13.00.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Heimir Baldursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 13.00 fimmtudaginn 19. desember nk.
